

**266. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, miðvikudaginn 6. ágúst 2025 og hófst hann kl. 08:30.**

**Fundinn sátu:**

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Liv Aase Skarstad varaformaður, Þórður Guðjónsson aðalmaður, Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Maren Ósk Elíasdóttir verkefnastjóri og Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2506125 - Golfklúbburinn Leynir - æfingaaðstaða innanhúss**

Drög að valkostagreiningu kynnt.

Daníel S. Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja situr fundinn undir dagskrárlíðum 1-3.

*Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að vinna málið áfram.*

**2. 2506017 - Klifurfélag ÍA - húsnæði og starfsemi**

Flutningur Klifurfélags ÍA yfir í íþróttahúsið að Vesturgötu.

*Áætlað er að Klifurfélagið hefji vetrarstarf sitt á nýjum stað og ekki er útlit fyrir annað en að það gangi eftir. Skóla- og frístundaráð fagnar þeim áfanga að framtíðarhúsnæði fyrir starfsemi Klifurfélagsins verði í íþróttamannvirki Akraneskaupstaðar. Ráðið felur sviðsstjóra að gera viðeigandi ráðstafanir varðandi leigusamning vegna húsnæðis að Smiðjuvöllum 17.*

**3. 2508004 - Kraftlyftingafélag ÍA - húsnæði og starfsemi**

Umfjöllun um framtíðarhúsnæði fyrir Kraftlyftingafélag Akraness. Markmið Akraneskaupstaðar er leitast við að starfsemi aðildarfélaga Íþróttabandalags Akraness geti farið fram í íþróttamannvirkjum kaupstaðarins.

*Skóla- og frístundaráð óskar eftir því við forstöðumann íþróttamannvirkja, í samstarfi við fulltrúa kraftlyftingafélagsins, að finna starfsemi félagsins hentugt rými í íþróttahúsinu á Vesturgötu. Sviðsstjóra og forstöðumanni íþróttamannvirkja er falið að vinna málið áfram.*

Daníel S. Glad vísar af fundi.

**4. 2508003 - Frístundaheimili Akraneskaupstaðar - húsnæði**

Skóla- og frístundaráð hefur unnið að framtíðarsýn frístundaheimila Akraneskaupstaðar. Í þeirri vinnu hefur komið fram nauðsyn þess að skilgreina með formlegum hætti húsnæði fyrir lögbundna starfsemi frístundaheimilanna.

Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri frístunda- og forvarnarmála situr fundinn undir dagskrárlíðum 4 og 5.

*Skóla- og frístundaráð tekur undir mikilvægi skýrleika í tengslum við húsnæði*

*frístundaheimilanna, til að tryggja sem bestu aðstæður fyrir þessa lögbundnu þjónustu sveitarfélagsins. Frístundaheimilin Brekkusel, Grundasel og Krakkadalur hafa forgang í rými á Þekjunni, Grundaseli og Þorpinu á starfstíma frístundaheimilanna skv. frístundadagatali.*

**5. 2508005 - Reglur um frístundaþjónustu fyrir fötluð börn**

Skóla- og frístundasvið og velferðar- og mannréttindasvið vinna að mótun reglna um frístundaþjónustu fyrir fötluð börn. Verkefnastjóri frístunda- og forvarnarmála kynnir drög að reglum.

*Lagt fram til kynningar.*

*Málið verður tekið fyrir aftur í skóla- og frístundaráði 20. ágúst n.k. og í velferðar- og mannréttindaráði 19. ágúst n.k.*

Heiðrún vikur af fundi.

**6. 2502180 - Málefni dagforeldra 2025**

Verkefnastjóri kynnir tölulegar upplýsingar um starfsemi dagforeldra á Akranesi, s.s. fjölda starfandi dagforeldra og fjölda barna í vistun.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.**

*Jónína Margrét Sigmundsdóttir*  
*Þorvaldur Arnarson*  
*Þórunn Þorvaldsson*